

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

183. FUNDUR.

183. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 5. maí árið 2011 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

- 1. Ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja árið 2010.** Síðari umræða. Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan ársreikning Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2010.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi bókun „Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir ánægju með niðurstöðu ársreiknings ársins 2010. Afkoma sveitarfélagsins, bæði aðalsjóðs og samstæðu, er mun betri en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir. Niðurstaða aðalsjóðs var neikvæð um kr. 17,7 millj. en hafði verið áætluð -62,9 millj. kr. Niðurstaða samstæðu A og B hluta er neikvæð um kr. 41,2 millj. en hafði verið áætluð -96,6 millj. kr. Í ársreikningnum eru eftirstöðvar stofnfjár í fyrrum Sparisjóði Húnaþings og Stranda og Sparisjóði Vestfjarða afskrifaðar alls kr. 18 millj. Ljóst má vera að afkoma aðalsjóðs hefði verið jákvæð hefði umrædd afskrift ekki komið til. Rekstrartekjur voru rúmum 47 millj. kr. hærri en ráð var fyrir gert en rekstargjöld tæpum 16 millj. kr. hærri. Varðandi tekjuaukninguna munar mestu um hækkun á framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Varhugavert er hins vegar að gera ráð fyrir óbreyttum framlögum sjóðsins vegna mikillar óvissu um tekjur hans og breytingar á úthlutun framlaga. Aðgerða er lúta að hagræðingu og sparnaði ber að leita eins og frekast er kostur og mikilvægt er að áfram verði gætt aðhalds í rekstri sveitarfélagsins þrátt fyrir að fjárhagsstaða þess sé traust. Niðurstaðan sýnir jafnframt að staðan gagnvart viðmiði Eftirlitsnefndar sveitarfélaga um skuldsetningu sveitarfélaga er betri en árið 2009, en þá kom Húnaþing vestra best út af sveitarfélögum yfir 1000 íbúa.“

2. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 692. fundar frá 18. apríl s.l. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 693. fundar frá 19. apríl s.l. Fundargerð í einum lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 694. fundar frá 2. maí s.l. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðir nefnda.

3. Fundargerðir félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 113. fundar frá 12. apríl s.l. Fundargerð í 6 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna 4. liðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða Jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun 2011-2015.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 114. fundar frá 2. maí s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð menningar-og tómsundaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 97. fundar frá 18. apríl s.l. Fundargerð í 2 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna 2. liðar. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir ánægju með frumkvæði menningar- og tómsundaráðs um gerð menningarstefnu fyrir Húnaþing vestra og samþykkir að ráðið vinni áfram að stefnumótuninni.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð skipulags-og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 196. fundar frá 3. maí s.l. Fundargerð í 4 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna 1. liðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa og kynna tillögu að deiliskipulagi austan Norðurbrautar á Hvammstanga ásamt skipulagslýsingu frá Landmótun dags. 02.05.2011. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að auglýsa og kynna breytingu á þéttbýlisupprætti Hvammstanga í aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 16:39

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

Elín R. Líndal